

Velferðarnefnd Alþingis

10. apríl 2018

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.

Landssamtökin Proskahjálp fagna því að lagt hafi verið fram frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Samtökin vilja þó sérstaklega áréttta eftirfarandi:

Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að fara að ákvæðum samningsins og framfylgja þeim í lögum reglum og framkvæmd á öllum þeim sviðum sem hann nær til.

Aðgangur að vinnumarkaði er augljóslega afar mikilvægur til að fatlað fólk eigi kost á að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu, eins og er meginmarkmið samningsins, sem og augljós forsenda þess að það fái notið margvíslegra annarra mannréttinda sem samningurinn kveður á um og ríki eru skuldbundin til að tryggja því. Þar má nefna réttinn til viðunandi líf skjara, heimilis, einkalífs, fjölskyldulífs, heilbrigðisþjónustu, þátttöku í menningarlífi, tóms tunda-, frístunda- og íþróttastarfi o.fl.

Í 27. gr. samningsins, sem ber *yfirskriftina Vinna og starf*, er kveðið á um margvíslegar aðgerðir og ráðstafanir sem ríkjum er skylt að grípa til í því skyni að verja fatlað fólk fyrir mismunun og tryggja því raunverulegan aðgang að vinnumarkaði til jafns við aðra. Greinin hljóðar svo:

1. *Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálstan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þá sem verða fatlaðir meðan þeir gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, til að mynda með lagasetningu, til þess meðal annars:
 - a) að leggja bann við mismunun vegna fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
 - b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, einnig jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað og til verndar gegn áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,
 - c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarféлага til jafns við aðra,
 - d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og endurmenntun,*

e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnu-
markaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á
vinnumarkað,

f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa sam-
vinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,

g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans,

h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með því að
marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í áætlunum um
sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,

i) að tryggja að fatlað fólk á vinnustað fái notið viðeigandi aðlögunar,

j) að stuðla að því að fatlað fólk geti aflað sér starfsreynslu á almennum
vinnumarkaði,

k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðs fólks, að því að það
haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að það geti snúið aftur til starfa.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að
því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.

Bann við mismunun á grundvelli fötlunar og jöfn tækifæri fatlaðs fólks til jafns við aðra á öllum
sviðum samfélagsins er meginþáttur og meginmarkmið samningsins. Þetta er áréttað í
mörgum ákvæðum hans. 5. gr. samningsins hefur yfirskriftina *Jafnrétti og bann við mismunun*
og hljóðar svo.

1. Aðildarríkin viðurkenna að öll erum við jöfn fyrir lögum og eigum rétt á jafnri vernd og
jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.

2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki
jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum.

3. Í því skyni að efla jöfnuð og útrýma mismunun skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi
ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.

4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná
fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings
þessa.

Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar meginreglur* segir eftirfarandi um skyldur
ríkja til að gera nauðsynlegar breytingar á löggjöf til að framfylgja ákvæðum samningsins og
 tryggja að fatlað fólk fái notið allra þeirra réttinda sem þar er mælt fyrir um, til jafns við aðra:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og
mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi
vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykka öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar
ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að
veruleika,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess

að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

...

Eftirlitsnefnd með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur m.a. það mikilvæga hlutverk að gefa ríkjum leiðbeiningar, „almennar athugasemdir“ (e. General Comments), varðandi túlkun og framkvæmd á einstökum greinum samningsins og skýra hvernig þau geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim. Eftirlitsnefndin sendi nýlega frá sér almennar athugasemdir um 5. gr. samningsins, *Jafnrétti og bann við mismunun*, (General Comment No 6).

Almennar athugasemdir eftirlitsnefndar með samningi SP um réttindi fatlaðs fólks eru mjög gagnlegar fyrir stjórnvöld sem vilja standa vel að því að tryggja fötluðu fólki þau mannréttindi sem samningurinn mælir fyrir um og fyrir fatlað fólk til að standa vörð um þau mannréttindi sín. Það er því mjög mikilvægt að athugasemdirnar séu öllum aðgengilegar og með þeim hætti að sem flestir geti skilið þær og nýtt. Íslensk stjórnvöld hafa .ó ekki látið þýða þessar athugasemdir eftirlitsnefndarinnar eins og nauðsynlegt er og þroskahjálpar hefur skorað á þau að gera og skal sú áskorun því ítrekuð hér.

Á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar (sjá hlekki að neðan) má nálgast athugasemdir sem hún hefur sent frá sér um einstakar greinar samningsins, þ.m.t. um 5. gr. hans varðandi bann við mismunun. Afar mikilvægt er að stjórnvöld hafi þær leiðbeiningar til hliðsjónar við alla löggjöf, þ.m.t. þetta frumvarp, sem hefur að markmiði að verja fatlað fólk fyrir mismunun og stuðla að því að fatlað fólk fái tækifæri til jafns við aðra.

<http://www.ohchr.org/EN/HRBodies/CRPD/Pages/GC.aspx>

http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRPD/C/GC/6&Lang=en

Ekki verður séð við lestur þessa frumvarps og athugasemda sem því fylgja að við gerð frumvarpsins hafi verið litið til ákvæða samnings SP um réttindi fatlaðs fólks eins og stjórnvöldum er þó skylt eftir fullgildingu hans, sbr. það sem að framan segir og þau ákvæði samningsins sem þar er vísað til.

Í 4. gr. samningsins segir um skyldur stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk og samtök sem vinna að réttinda og hagsmunamálum þess:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Með vísan til framangreinds, stöðunnar á íslenskum vinnumarkaði hvað varðar tækifæri fatlaðs fólks, sem og þeirra áhrifa sem ætla má að aukin notkun gervigreindar muni hafa á hann á næstunni og í framtíðinni, telja Landssamtökin þroskahjálpar að þetta frumvarp dugi alls ekki til að mæta þeim mikla og alvarlega skorti sem hefur verið og er á atvinnutækifærum fyrir fatlað fólk í íslensku samfélagi og þeirri miklu og margvíslegu mismunun sem fatlað fólk hefur mátt þola og þarf að þola á íslenskum vinnumarkaði. Til að vega upp þá miklu, langvinnu og

kerfisbundnu mismunun verða stjórnvöld að grípa til margra, margvíslegra og markvissra aðgerða eins og þau hafa skuldbundið sig til að gera með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t með því að tryggja viðeigandi aðlögun og beita jákvæðri mismunun þegar það á við til að draga úr mismunun, sbr. 3. og 4. tl. 4. gr. samningsins. Markvissar aðgerðir að þessu leyti eru einnig algjör forsenda þess að fyrirætlanir um starfgetumat geti orðið að nokkru gagni fyrir fatlað fólk.

Þá getur ekki hjá því farið að það veki verulega athygli og vonbrigði að í frumvarpinu er ekki minnst á stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar sem uppfyllir skilyrði og kröfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Parísarreglum. Slíkar óháðar stofnanir eru afar mikilvægar til að hafa eftirlit með að stjórnvöld, viðurkenni, verndi og framfylgi mannréttindum í samræmi við lög og fjölþjóðlega mannréttindasamninga sem þau hafa undirgengist og hafa erlendir eftirlitsaðilar margoft bent á að slíka stofnun þurfi að setja upp hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tekið á sig þá þjóðréttarlegu skyldu að stofna þannig sjálfstæða mannréttindastofnun hér á landi.

Með vísan til framangreinds og tilvitnaðrar samráðsskyldu stjórnvalda óska Landssamtökin Þroskahjálp eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að fylgja eftir þessari umsögn sinni og til að gera nefndinni betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.